

7. Frumvarp

til laga um meðferð skóga og kjarra, friðun á lyngi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje nje hrís öðru visi en svo, að höggið sje innan úr, eða skógurinn eða kjarrið að eins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjarri má ekki kippa upp. Ekki má rifa lyng, fjalldrapa, víði nje mel, heldur klippa það eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna að taka upp slíkan gróður á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum. Þeim er og heimilt að banna að taka mosa í gróðurlitlum hraunum.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans, skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim er getur um í 2. gr., skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á allt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu, til þess að kynnast hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem er girt eða ógirt.

5. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. um daginn, er greiddast úr rikissjóði.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita eigendum og notendum jarða tillag úr rikissjóði til að girða bæði skóglendi og skóglaut land, til þess að koma þar upp nýjum skógargróðri, með þeim skilyrðum er hjer segir:

Ríkissjóður leggur til girðingarefnið og kemur því á næstu höfn við það svæði, sem girða skal. Hann leggur einnig til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið frá höfninni að girðingarstaðnum á sinn kostnað og leggur til þann vinnukraft, sem þarf til uppsetningarinnar, annan en verkstjóran. Gera skal samning milli rikissjóðs annarsvegar og eiganda eða nothafa hinsvegar um skógargirðingu og skal hann þinglesinn í þeirri þinghá þar sem skógarjörðin liggur, sem kvöð á jörðinni. Ríkissjóður greiðir annan helming en eigandi eða nothafi hinn helming viðhaldskostnaðar á girðingunni.

7. gr.

Skógræktarstjóri ákveður í hvert skifti, að hve miklu leyti má hafa þau svæði, er getur um í 6. gr. fyrir beitiland. Heimilt er honum að leyfa að beita þar kúm og sauðsje frá 20. júní til 1. október. Komi til greina að rækta nýjan skógargróður á einhverjum hluta hins girta svæðis, þá verður eigandi eða nothafi að setja upp um þann hluta nægilega trausta girðingu á sinn kostnað, ef hann vill halda beitinni áfram á öðrum hluta svæðisins. Sje

hið girta svæði stórt og sjeu á því skóglaus mýrarsund, getur það komið til greina að skógarvörður leyfi eiganda eða nothafa að hafa þar sauðfje sitt, frá því það er tekið af afriettum og til 1. nóvember.

8. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða þeirra, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað rikissjóðs, rjúfa þann samning sem gerður hefir verið um friðun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins að taka burt girðinguna á kostnað eigenda eða notenda.

9. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sje gegn friðunarákvæðunum í 1. og 7. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðan ber málið undir atvinnumálaráðuneytið og ákveður það svo hvað gera skuli frekar í málinu.

10. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 50–500 kr. til rikissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum, sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög nr. 51, 30. júlí 1909 um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög nr. 51, 30. júlí 1909, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi, eru orðin úrelt að ýmsu leyti og því þörf á að breyta þeim nokkuð.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, sem hjer fer á eftir:

Um 1. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. gr. laganna frá 1909. Ákvæðum um mosarif er lítið eitt breytt.

Um 2.—4. gr.

Samhljóða 2.—4. gr. laganna frá 1909 að mestu leyti.

Um 5. gr.

Samhljóða 6. gr. laganna frá 1909, nema að því leyti, að hreppstjórum eru ákveðin 8 kr. daggjöld á eftirlitsferðum þeirra, í stað 4 kr. í lögnum frá 1909.

Um 6.—8. gr.

Það hefir þótt nauðsynlegt að setja ákvæði um að veita megi styrk úr ríkissjóði til skógargirðinga á jörðum einstakra manna, þegar sjerstaklega vel hagar til. Er ætlast til að gjörður sje samningur um slíkar girðingar i hvert skifti og þar tekið fram það sem þarf um ráð skógræktarinnar yfir girðingunni og hinu girta landi.

Um 9. gr.

Samhljóða 8. gr. laganna frá 1909.

Um 10.—11. gr.

Þurfa ekki skýringa.